

Garðfuglakönnun 2008-09

Veturinn 2008-09 sendu 13 inn niðurstöður. Skógarpröstur sem fyrr í flestum görðum, allir athugendur sjá hann þessa þrjá vetur og hefur svo verið nær frá upphafi Garðfuglakönnunar (1994-95). Aðrir fuglar sem sjást nærri því hjá öllum voru: Auðnutittlingur, starar, hrafnar og snjótittlingur.

Í 1. töflu eru birtar þær tegundir sem sjást í þremur eða fleiri görðum. Þennan vetur kemst músarrindill ekki í þann hóp. Músarrindlar hafa ekki verið jafn fáséðir og þennan vetur. Þeir sáust einungis hjá tveimur athugendum. Það er líklegt að þarna megi greina áhrif stofnsveifla hjá músarrindlinum, þegar þeir eru faliðaðir, þá ber lítið á þeim. Hins vegar má gera ráð fyrir því að með aukinni trjárækt batni skilyrði fyrir músarrindla og stofninn vaxi og dafni. Þeir eiga nú vafalaust auðveldara með að sjá sér farborða yfir vetrarmánuðina ásamt því að eiga völ á víðfeðmara skóglendi yfir varptímann.

1. tafla. Tíðni algengustu tegunda á athugunarstöðum í Garðfuglakönnun veturinn 2008-09. Þátttakendur voru 13.		
Tegund	Garðar	%
Skógarpröstur	13	100
Stari	12	92,3
Hrafn	12	92,3
Auðnutittlingur	10	76,9
Snjótittlingur	10	76,9
Svartpröstur	8	61,5
Silkittoppa	7	53,8
Smyrill	4	30,8
Grápröstur	4	30,8
Hettumáfur	3	23,1

Þátttakendur sáu smyrlla. Hettumáfar sáust í þremur görðum en þeir birtast gjarnan í görðum á vorin og hafa tekið upp á því eins og frændi þeirra sílamáfurinn að næla sér í fuglafóður þar sem það er á boðstólum. Af þeim fuglum sem ekki eru reglulegir varpfuglar eða flækingsfuglar var gráprösturinn tíðasti gesturinn í görðum athugenda. Veturinn 2008-09 sást hann í fjórum görðum. Silkittoppur voru áberandi og voru skráðar á sjö athugunarstöðum. Sum ár kemur lítið af silkittoppum til landsins en ferðir þeirra tengist fæðuframboði á vetrarstöðvum, ef lítið er af fæðu þá leggjast þær í flakk.

Örn Óskarsson á Selfossi sá flestar tegundir veturinn 2008-09 (19) næst flestar tegundir sá Gaukur Hjartarson á Húsavík (14). Fæstar skráðar tegundir veturinn 2008-09 voru fimm, í tveimur görðum, en í heildina sáu þátttakendur 30 tegundir í görðum sínum og var meðaltalið var 8,3. Tvær nýjar tegundir voru skráðar, landsvala og farpröstur. Landsvala er óreglulegur varpfugl á Íslandi en farprösturinn er ættaður frá Norður-Ameríku og sjaldgæfur flækjngur hér á landi. Örn Óskarsson á Selfossi sá báða fuglana í sínum garði.

Ólafur Einarsson og Örn Óskarsson 2012



1. mynd. Farþróstur á Selfossi. Ljóm: Örn Óskarsson